

Iðning 2009

Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyrir Invest



Frá heimavelli til útrásar

- Staðan í dag
- Ísland og umhverfið
 - Núverandi staða er óásættanleg
 - Evran og Evrópusambandið
- Nýsköpun
 - Núverandi kerfi
 - Tillögur um betrubætur

Opið og alþjóðlegt hagkerfi

- Bætt lífskjör í framtíð koma frá árangri í alþjóðavæðingu og auknum útflutningi
 - Sjávarútvegur, orkuiðnaður, almennur iðnaður/nýsköpun
- **Mælikvarði á árangur er aukning útflutningsverðmæta fremur en vöxtur landsframleiðslu**
- Þurfum að greiða niður erlendar skuldir

Reynsla Marels og Össurar

- Eyrir Invest er kjölfestuhluthafi í tveimur alþjóðlegum fyrirtækjum með uppruna og höfuðstöðvar á Íslandi – Marel & Össur
- Auk þess fjárfestir Eyrir Invest í fáum en vel völdum sprotafyrirtækjum
- Almennt eru allar starfsgreinar þannig að 3-4 fyrirtæki hafa yfirburðastöðu á alþjóðamarkaði
- Marel og Össur eiga árangur sinn m.a. að þakka skynsamlegri og markvissri “útrás” og eru leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á sínu sviði
 - Bæði fyrirtækin eiga árangur sinn að verulegu leyti að þakka háu framlagi til R&D
 - Þannig byggðu þau upp samkeppnisforskot sem grundvallast á tæknilegum yfirburðum



Ísland og umhverfið

- Í dag er Ísland einangrað
 - Tæknilega séð með gjaldeyrishöftum
 - Hugarfarslega með ímynd óábyrgrar hegðunar og að standa ekki við skuldbindingar sínar
- Árið 1990 voru flest stærstu fyrirtæki landsins með stóran hluta lánsfjármögnunar sinnar í gegnum erlenda banka
- Eftir einkavæðingu bankanna fluttust þau viðskipti í síauknum mæli til íslensku bankanna

Ísland og umhverfið

- Í dag er erfitt að byggja upp erlend bankasambönd
 - Það gætir aukinnar þjóðernishyggju í lánsfjárfyrirgreiðslu
 - Ísland og allt sem íslenskt er nýtur lítils trausts
 - Stærstu útflutningsfyrirtækin eru þegar of stór fyrir hið litla íslenska bankakerfi
- Lánafyrirgreiðslu til smærri og meðalstórra útflutningsfyrirtækja í bankakerfinu hefur verið áfátt
 - Erlendir aðilar samþykkja ekki verkábyrgðir íslenskra banka
 - Fyrirtæki þurfa að leita til Seðlabankans eftir verkábyrgð eða heimild til að kaupa slíka tryggingu hjá erlendum banka
 - Það þarf að vera hægt að fjármagna fyrirtækin með tryggingum í óafturkræfum verk- og sölusamningum

Trúverðugleika og stjórnæki skortir

- **Lítill mynt, opið hagkerfi og framvirkir gjaldeyrissamningar er kerfi sem ekki gengur upp til lengdar**
 - Án framvirkra gjaldeyrissamninga er ekki hægt að stýra gengisáhættu fyrirtækja á annan hátt en að draga úr vægi innlends kostnaðar, þ.e.a.s. vaxa erlendis
 - Án þessa geta fyrirtæki ekki vaxið nema að flytja höfuðstöðvar
 - Einhliða upptaka evru er heldur ekki valkostur

Aðild að Evrópusambandinu


- **Aðildarumsókn að ESB og yfirlýsing um að stefnt sé að upptöku evru myndi hafa jákvæð áhrif, auka trúverðugleika og traust**
 - Aukinn stöðugleiki
 - Líkur til að gengissveiflur minnki
 - Samkeppnishæfari vaxtakjör og aðgangur að langtímafjármagni batnar
 - Aðkoma erlendra fjárfesta auðvelduð
 - Bætt ímynd Íslands á alþjóðavettvangi
- Með aðkomu AGS fékkst aukið traust – hið sama á við gagnvart umsókn um Evrópusambandsaðild
 - Við þurfum stimpil

Nýsköpun

- Aukið fjármagn í opinberan stuðning
- Skattalegir hvatar fyrir fjárfesta
- Skattalegir hvatar fyrir R&D hjá stærri fyrirtækjum

Hagvöxtur framtíðar felst í nýsköpun

- Sprotafyrirtæki og nýsköpun eru nú iðulega nefnd sem líklegasti vaxtabroddur íslensks samfélags
- Það tekur mörg ár að þróa góða viðskiptahugmynd þannig að úr verði gott fyrirtæki.



Gott stuðningskerfi

- Á Íslandi er gott stuðningskerfi við nýsköpun og sprotafyrirtæki
 - Rannís og Tækniþróunarsjóður, öflugt og sanngjarnt matskerfi
 - Kerfið og umgjörðin eru góð og ræður við að nýta meira fjármagn á arðbæran hátt
 - Mikilvægt er að gera eðlilega arðsemiskröfu til verkefna
- Auknir styrkir til markaðssóknar
 - Ákveðið að þeir fjármunir fari í gegnum Tækniþróunarsjóð


Vantar aukið fjármagn

- Aukið fjármagn er æskilegt
 - Stuðningskerfið er vel í stakk búið til að meðhöndla aukið fjármagn
- Skattafrádráttur til fjárfesta
 - T.d. vegna fjárfestinga í fyrirtækjum sem eru innan við 10 ára gömul og þar sem R&D er minnst 10% af veltu og velta innan við 750 m.kr
 - Fjárfesting frádráttarbær



Skattalegur stuðningur við R&D

- Vegna fyrirtækja sem eru lengra á veg komin má hugsa sér að tvöfalt framlag til R&D sé frádráttarbært hjá fyrirtækjunum
- Í því fælist hvati til þess að R&D starfsemi sem nú fer fram erlendis flytjist til landsins
- Hér er jafnframt hægt að sækja mörg störf til landsins.



Samstarf frumkvöðla og fjárfesta

- Uppvöxtur sprotafyrirtækja þarf að byggjast á sjálfsaflafé
 - Fyrirtæki þurfa að selja vöru eða lausnir til viðskiptavina og gera óhjákvæmileg mistök í uppbyggingarfasa
 - Hugmyndin breytist í samstarfi við viðskiptavininn
 - Varan breytist úr sérlausn í staðlaða vöru
 - Fyrirtækið fær formlegt skipulag og þekking byggist upp á alhliða fyrirtækjarekstri
- Það er auðvelt að klúðra góðri hugmynd
 - Alls ekki einskorðað við sprotafyrirtæki
- Fjármagn er ekki nóg, það þarf líka reynslu og þekkingu

Niðurstaða

- Staðan í dag er erfið
- Evrópusambandið er ekki valkostur – heldur nauðsyn
- Þurfum markvissan stuðning við nýsköpun
 - Aukið fjármagn í opinberan stuðning
 - Skattalega hvata fyrir fjárfesta
 - Skattalega hvata fyrir R&D hjá stærri fyrirtækjum